| Málefni / Stjórnvald | Yfirstjórn þjóðgarðs | Reglugerðarvald staðfestingarvald | Gerð+staðfesting áætlana | Leyfisvald vegna framkvæmda | Úrskurðarvald í kærumálum Þjg. | Stjórnun+umsjón | Ráðning þjóðgarðsvarðar | Ráðning framkv.stj | Stefnumótun | Yfirumsjón með gerð reglugerða | Yfirumsjón með áætlanagerð | Samræming á starfsemi | Eftirlit m. fikv. | Ráðgjöf v. þjgv og stjórn | Tillögur um rekstur og vernd | Tillaga að ráðn. Þjgv. | Samráð við heimamenn | Fjárreiðuábyrgð | Opinber samsk | Framkv. Áætl. | Fræðsla, samstarf, eftirlit | Lokunarvald | Valdsvið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ráðherra | X | X | X | X | X | | | | X | X | X | X | | | | | | | | | | | mikið |
| Þjóðgarðsstjórn | | | | | | X | X | X | X | X | X | X | X | | | | | | X | | | | nokkuð |
| Svæðisráð | | | | | | | | | | | | | | X | X | X | X | | | | | | Nær ekkert |
| Þjóðgarðsvörður | | | | | | | | | | | | | | | X | | X | X | X | X | X | X | Lítið |
| Sveitarstjórn | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Alls ekkert |

Tafla sem sýnir þau völd sem lög um Vatnajökulsþjóðgarð munu færa þeim sem að stjórn hans koma
Ráðherra fær einræðisvald innan þjóðgarðsmarka og sveitarstjórnir virðast útilokaðar frá allri ákvarðanatöku innan þjóðgarðsins. Valdið liggur hjá ráðherra. Enginn rammi er settur um starf framkvæmdastjóra og ónefndrar skrifstofu hans. Ráðherrann getur breytt reglugerðum og áætlunum þjóðgarðsstjórnar að vild og úrskurðað um ágreining vegna eigin ákvarðana.
Svæðisráðin gera tillögur til þjóðgarðsstjórnar annast samstarf við heimamenn og gefa þjóðgarðsstjórn ráð en hún er ekki bundin af tillögum þeirra eða ráðum.

**30. gr.** *Umsjón falin öðrum.*
[Umhverfisstofnun][1] getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða ~~***að þjóðgörðum undanskildum***~~. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð á svæðunum og aðrar framkvæmdir, landvörslu, menntun starfsmanna, móttöku ferðamanna og fræðslu, svo og gjaldtöku, sbr. 32. gr. [Umhverfisstofnun][1] hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar.

**Með því að fella út rauðletruðu orðin er hægt að gera samninga við sveitarfélög og samtök þeirra um umsjón og rekstur þjóðgarða sem gefa þeim miklu meiri völd yfir svæðunum en fyrirliggjandi frumvarp gerir.**

*Alþingi*
*Erindi nr.* **Þ** 133/1554
*komudagur* 6.3.2007